# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 10. júlí kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 781. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum:, Birkir Ingibjartsson, Hulda Einarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir, Haukur Hafliði Nínuson og Ólafur Melsted.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. **Grenimelur 2,** *(fsp) breytingar á þaki, stækkun svala o.fl.*

Mál nr. SN200306
Skjalnr.

Ívar Örn Guðmundsson, Ægisíða 52, 107 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ívars Arnars Guðmundssonar dags. 15. maí 2020 um breytingar á þaki hússins á lóð nr. 2 við Grenimel, stækkun svala, breyting á opnun að svölum 1. hæðar, stækkun svala á 1. hæð og tenging að garði og opnun kjallaraíbúðar frá stofurými að garði, samkvæmt tillögu ódags. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

2. **Grenimelur 8,** *Hækkun húss, svalir, tröppur o.fl.* (15.413.08)

Mál nr. BN057857
Skjalnr. 13288

Jón Gunnar Eysteinsson, Grenimelur 8, 107 Reykjavík
Stefán Sigurðsson, Grenimelur 8, 107 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að hækka og endurgera þakhæð, byggja kvisti, nýjar svalir á suðurhlið 1. og 2. hæðar og breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð í húsi á lóð nr. 8 við Grenimel.
Stækkun: 105,5 ferm., 58,6 rúmm. Eftir stækkun: 447,2 ferm., 1.146,8 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

3. **Skógargerði 3,** *(fsp) tvöfaldur bílskúr* (01.837.0)

Mál nr. SN200433
Skjalnr. 13015

Gunnar Örn Gunnarsson, Skógargerði 3, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Gunnars Arnar Gunnarssonar dags. 30. júní 2020 um að gera tvöfaldan bílskúr á lóð nr. 3 við Skógargerði. Einnig er lögð fram mynd af fyrirhuguðum bílskúr ódags. og uppdrættir dags. 1. maí 2018.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

4. **Skriðustekkur 1-7,** *(fsp) breytingu á deiliskipulagi* (04.616.3) Mál nr. SN200417 Skjalnr. 13550

Sigríður Arngrímsdóttir, Nýbýlavegur 56, 200 Kópavogur
Sandra María Steinarsd Polanska, Skriðustekkur 1, 109 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Sigríðar Arngrímsdóttur dags. 24. júní 2020 um breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar nr. 1-7 við Skriðustekk sem felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir annars vegar stækkun á bílskúr og hins vegar stækkun á núverandi íbúðarhúsi við Skriðustekk 1, samkvæmt uppdr. Sigríðar Arngrímsdóttur dags. 24. júní 2020.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

5. **Hverafold 1-5,** *(fsp) nr. 1-3 - setja svalir og breyta notkun* (02.874) Mál nr. SN200278 Skjalnr. 7943

Guðbjartur Ólafsson, Súluhöfði 28, 270 Mosfellsbær
Jóhannes Stefán Ólafsson, Meistaravellir 5, 107 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Guðbjarts Ólafssonar og Jóhannesar Stefáns Ólafssonar dags. 5. maí 2020 um að setja svalir á húsið á lóð nr. 1-3 við Hverafold ásamt breytingu á notkun hússins úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

6. **Austurheiðar,** *rammaskipulag* (04.4) Mál nr. SN170877 Skjalnr. 10771

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju tillaga Landmótunar dags., 20. apríl 2020, f.h. umhverfis- og skipulagssviðs að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar. Megin markmið skipulagsins felst í því að skapa fjölbreytt og aðgengilegt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa og ólíka notendahópa. Einnig er lagður fram tölvupóstur Minjastofnunar Íslands dags. 8. júlí 2020 þar sem óskað er eftir auknum fresti til að skila inn umsögn.
*Samþykkt er að framlengja athugasemdarfrest til 5. ágúst 2020, sbr. tölvupóst Minjastofnunnar Íslands dags. 8. júlí 2020.*

7. **Árskógar 1-3,** *(fsp) þakskýli yfir innkeyrsluhurð* (04.912.1) Mál nr. SN200406 Skjalnr. 13650

Páll Trausti Jörundsson, Árskógar 3b, 109 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Páls Trausta Jörundssonar dags. 18. júní 2020 ásamt greinargerð/lýsingu á framkvæmd ódags. um byggingu þakskýlis yfir innkeyrsluhurð að innanverðu bílskýli á lóð nr. 1-3 við Árskóga. Einnig er lagt fram minnisblað Mannvits dags. 11. júní 2020 um reykmyndun í bílgeymslu, minnkun reyklosunar dags. 11. júní 2020.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

8. **Kjalarnes, Nesvík,** *deiliskipulag* Mál nr. SN190734 Skjalnr. 10177

660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
511202-3450 Íslenskar fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga +Arkitekta að deiliskipulagi fyrir Nesvík á Kjalarnesi, sem felst í uppbyggingu á ferðaþjónustu á jörðinni. Áformin eru að reisa hótel og heilsulind með allt að 100 herbergjum auk 12 stakstæðra húsa sem verða leigð út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu. Hönnun og frágangur miðar að því að halda í staðaranda Nesvíkur og falla sem best að landi, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. +Arkitekta ehf. dags. 26. mars 2020. Einnig er lögð fram fornleifaskráning Fornleifastofnunar Íslands dags. 2019 og Húsakönnun Fornleifastofnunar Íslands dags. 2020. Tillagan var auglýst frá 27. maí 2020 til og með 8. júlí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Libra lögmenn, Ólafur Hvanndal Ólafsson, f.h. Bjarna Pálssonar dags. 7. júlí 2020. Einnig er lögð fram umsögn íbúaráðs Kjalarness dags. 19. júní 2020.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

9. **Gefjunarbrunnur 14,** *Tvíbýlishús* (26.954.06) Mál nr. BN057840

Skjalnr. 14105

441007-1320 Fagmót ehf., Laufbrekku 3, 200 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2020 þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir steinsteyptu tvíbýlishúsi á lóð nr. 14. við Gefjunarbrunn.
Erindi fylgir afrit af hæða- og mæliblaði, afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020 og tillaga að breytingum m.t.t. algildrar hönnunar dags. 21. júní 2020. Stærðir: 1. hæð: 104,0 ferm., 309,9 rúmm, 2. hæð: 129,2 ferm., 445,7 rúmm. Samtals: 233,2 ferm., 783,3 rúmm. Bílastæði í B-lokun: 34,0 ferm., 101,3 rúmm. Svalir í C-lokun: 7,5, ferm.
Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

10. **Ármúli 3,** *Breytingar 2.hæð mhl.03 - aðkoma að 2.hæð* (12.612.01) Mál nr. BN057822
Skjalnr. 5144

691206-4750 LF2 ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. júní 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð mhl. 03 og innrétta tvö aðskilin skrifstofurými, breyta og bæta aðgengi frá Hallarmúla með því að byggja nýjan stiga og inngang á bakhlið ásamt því að loka milli mhl. 01 og mhl. 03 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 3 við Ármúla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020.
Erindi fylgir A3 sett með yfirliti yfir breytingar. Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020 samþykkt.*

11. **Gerðhamrar 1,** *(fsp) fjölgun bílastæða* (02.298) Mál nr. SN200407
Skjalnr. 14300

Grétar Jóhannesson, Gerðhamrar 1, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Grétars Jóhannessonar dags. 23. júní 2020 um fjölgun bílastæða á lóð nr. 1 við Gerðhamra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020.
*Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið. Samræmist deiliskipulagi, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020.*

12. **Langagerði 82,** *Svalir - 2.hæð* (18.322.12) Mál nr. BN057788
Skjalnr. 12740

Þórður Daníel Bergmann, Langagerði 82, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN043152, sem felst í því að svalir eru settar á suðurhlið og innra skipulagi breytt á annarri hæð í einbýlishúsinu á lóð nr. 82 við Langagerði.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júlí 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2020. Gjöld kr. 11.200
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Langagerði 80 og 84.*
*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

13. **Neðstaberg 7,** *(fsp) stækkun húss* (04.675.2) Mál nr. SN200413

Skjalnr. 14295

Hildur Bjarnadóttir, Hofteigur 20, 105 Reykjavík
Greta Engilberts, Neðstaberg 7, 111 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Hildar Bjarnadóttur dags. 23. júní 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 7 við Neðstaberg sem felst í að gera 45 m2 viðbyggingu á milli húss og bílskúrs, samkvæmt tillögu/skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020.

*Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020.*

14. **Seiðakvísl 31,** *(fsp) stækkun húss* Mál nr. SN200425

Skjalnr. 14294

Bjarni Lúðvíksson, Seiðakvísl 31, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Bjarna Lúðvíkssonar dags. 29. júní 2020 um stækkun hússins sá lóð nr. 31 við Seiðakvísl, samkvæmt tillögu/skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020 samþykkt.*

15. **Vesturás 19-23,** *málskot* (04.385.6) Mál nr. SN200429

Skjalnr. 7362

Guðmundur Júlíus Ólafsson, Vesturás 19, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júlí 2020 var lagt fram málskot Guðmundar Júlíusar Ólafssonar dags. 30. júní 2020 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 26. júní 2020 um stækkun lóðarinnar nr. 19-23 við Vesturás sem felst í að færa lóðarmörk við enda raðhúsið nr. 19, samkvæmt skissu ódags. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

16. **Bergstaðastræti 37,** *Áður gerður loftstokkur og yfirbygging* (01.184.407) Mál nr. BN054877

Skjalnr. 8208

420502-5910 Hótel Holt Hausti ehf., Stigahlíð 80, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum loftstokkum upp úr þaki og til að byggja yfir þá á þaki húss á lóð nr. 37 við Bergstaðastræti.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. apríl 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. apríl 2019. Gjald kr. 11.000

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Bergstaðarstræti 33, 33a, 33b, 43 og 43a Baldursgötu 9, Óðinsgötu 22, 22a, 24, 24a, 26, 28, 28b, 30, 30a, 32, 32a og 32b.*

*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

17. **Grettisgata 98,** *(fsp) setja þaksvalir í ris hússins* (01.240.3) Mál nr. SN200437 Skjalnr. 14298

Örn Dúi Kristjánsson, Grettisgata 98, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Arnar Dúa Kristjánssonar dags. 5. júlí 2020 ásamt greinargerð ódags. um að setja litlar inndregnar þaksvalir fyrir framan kvist á austurgafli hússins á lóð nr. 98 við Grettisgötu, samkvæmt skissu ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

18. **Norðurstígur 5,** *(fsp) bílastæði á lóð* (01.132.0) Mál nr. SN200359 Skjalnr. 9616

Halla Dögg Önnudóttir, Norðurstígur 5, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Höllu Daggar Önnudóttur dags. 7. júní 2020 um að koma fyrir tveimur bílastæðum á lóð nr. 5 við Norðurstíg.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

19. **Njálsgata 76,** *(fsp) setja svalir á húsið, rennihurð og aðgengi út í garð* (01.191.1) Mál nr. SN200432 Skjalnr. 14297

Berglind Guðmundsdóttir, Arnarhraun 27, 220 Hafnarfjörður

Lögð fram fyrirspurn Berglindar Guðmundsdóttur dags. 1. júlí 2020 um að setja svalir á 1. hæð hússins á lóð nr. 76 við Njálsgötu með rennihurð í stað glugga og aðgengi út í garð, samkvæmt uppdr. ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

20. **Dalhús 83-85,** *breyting á deiliskipulagi* (02.847.4) Mál nr. SN200401 Skjalnr. 14192

Þórir Örn Ólafsson, Dalhús 85, 112 Reykjavík
581298-35 89 Kristinn Ragnarsson,arkit ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 22. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Húsahverfis vegna lóðarinnar nr. 83-85 við Dalhús. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni þannig að hámarkstærð húss verður 23 m2 í stað 210 m2 og að heimilt verði að svalir nái 1.9 m. út fyrir byggingarreit í stað 1.5 m., samkvæmt uppdr. Kristins Ragnarssonar, arkitekts ehf. dags. 22. júní 2020.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

21. **Hallveigarstígur 1,** *Breytinga - 3. og 4. hæð* (11.712.08) Mál nr. BN057663 Skjalnr. 6011

510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja stiga á milli 3. og 4. hæðar, breyta innra skipulagi skrifstofa á 3. hæð og að 4. hæð verði breytt úr skrifstofum í fjórar íbúðir, auk þess verður suðaustur hlið 4. hæðar dregin inn um 30 cm. á húsi á lóð nr. 1 við Hallveigarstíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020.
Stærðarbreyting xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 6. maí 2020 og yfirlit yfir breytingar. Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020 samþykkt.*

22. **Langagerði 48,** *Br. á BN033298 - bílskúr breytt í geymslu.* (18.321.05) Mál nr. BN057886 Skjalnr. 11073

Auðunn Jóhann Guðmundsson, Langagerði 48, 108 Reykjavík
Magdalena Elísabet Andrésdóttir, Langagerði 48, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2020 þar sem sótt er um leyf til að breyta erindi, BN033298, þannig að rými 0101 í bílskúr verður breytt í geymslu, bílskúrshurð fjarlægð og gluggar settir í staðinn, á húsinu á lóð nr. 48 við Langagerði.
Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

23. **Vallarhús 2-14,** *(fsp) stækkun svala* (02.842.3) Mál nr. SN200439 Skjalnr. 8468

500591-1619 Vallarhús 2-14,húsfélag, Vallarhúsum 2, 112 Reykjavík
Margrét Erlendsdóttir, Vallarhús 4, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Vallarhúss 2-4, húsfélag, dags. 6. júlí 2020 um stækkun á svölum hússins á lóð nr. 2-14 við Vallarhús, samkvæmt skissu mótt. dags. 6. júlí 2020.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

24. **Barðavogur 19,** *(fsp) setja kofa á lóð* (01.443) Mál nr. SN200404 Skjalnr. 12719

Glóey Thao Thanh Đo, Barðavogur 19, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Glóey Thao Than Đo dags. 16. júní 2020 um setja 20-25 m2 kofa/hús á lóð nr. 19 við Barðavog og innrétta þar íbúð, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2020.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2020.*

25. **Garðhús 45-47,** *(fsp) stækkun lóða* (02.840.2) Mál nr. SN200266 Skjalnr. 13560

Eiríkur Ingi Bengtsson Helgason, Garðhús 47, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Eiríks Inga Bengtssonar dags. 4. maí 2020 um stækkun lóðanna nr. 45-47 við Garðhús sem felst í færslu á lóðarmörkum um 1. m. í átt að göngustíg sem er bak við húsin. Einnig er lögð fram ljósmynd þar sem skissuð er inn tillaga að nýjum lóðarmörkum.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

26. **Grensásvegur 11,** *Breyting verslun í skrifstofur - 1.hæð* (14.611.02) Mál nr. BN057833 Skjalnr. 7416

620305-1620 Sætrar ehf, Gerðhömrum 27, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta verslunarrými, 0101, í skrifstofur í húsinu á lóð nr. 11 við Grensásveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020.
Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020 samþykkt.*

27. **Mosgerði 9,** *Viðbygging - innra skipulag og sameina eignir* (18.155.11) Mál nr. BN057763 Skjalnr. 14288

Víðir Sigrúnarson, Mosgerði 9, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu til vesturs, breyta þakformi, breyta og bæta við kvistum, setja svalir á austurhlið efri hæðar, breyta innra skipulagi, sameina eignir og breyta í einbýlishús, íbúðarhúsi á lóð nr. 9 við Mosgerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga á uppdráttum samþykktum 14. ágúst 2001. Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020 samþykkt.*

28. **Ránargata 2,** *(fsp) fjölgun íbúða* (01.136) Mál nr. SN200428 Skjalnr. 12873

710103-3130 Strumpur ehf, Vorsabæ 17, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Strumps ehf. dags. 23. júní 2020 ásamt bréfi dags. 22. júní 2020 um að skipta íbúð á 1. hæð hússins á lóð nr. 2 við Ránargötu í tvær íbúðir, samkvæmt uppdr. Urban arkitekta ehf. dags. 16. júní 2020.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

29. **Álfsnesvík,** *framkvæmdaleyfi* (36.2) Mál nr. SN200434 Skjalnr. 10252

460169-7399 Björgun ehf., Sævarhöfða 33, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júlí 2020 var lögð fram umsókn Björgunar dags. 1. júlí 2020 ásamt greinargerð og uppdráttum dags. 29. júní 2020 um framkvæmdaleyfi vegna gerð nýrrar lóðar fyrir starfsemi Björgunar ehf. að Álfsnesvík. Einnig er lögð fram matsskýrsla Alta dags. 19. desember 2019 um mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar dags. 6. mars 2020 um mat á umhverfisáhrifum. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020.
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

30. **Kjalarnes, Leiruvegur 2 og 4,** *(fsp) uppmæling* (00.026) Mál nr. SN200351 Skjalnr. 10242

Kristinn Hannesson, Leiruvegur 4, 162

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 12. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Kristins Hannessonar dags. 4. júní 2020 um uppmælingu á landinu að Leiruvegi 2 og 4 á Kjalarnesi, samkvæmt mæliblaði dags. 29. maí 2020 þar sem sýnd eru ný hnitakerfi. Fyrirspurninni frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embættið, og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júlí 2020 samþykkt.*

31. **Smiðjustígur 13,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.151.4) Mál nr. SN200431 Skjalnr. 5919

450710-0830 Landslög slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Landslaga ehf. dags. 1. júlí 2020 ásamt bréfi dags. 25. júní 2020 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.1, Þjóðleikhúsreits, vegna lóðarinnar nr. 13 við Smiðjustíg sem felst í að heimilt verði að reka ferðaþjónustustarfsemi með gistingu í nýju húsnæði á lóðinni eða í fermetrafjölda sem svaraði nýrri byggingu án þess að starfsemi í núverandi húsi breytist.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:58.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir Helena Stefánsdóttir